

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	28.11.2014	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Neskaupstað	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón B. Magnússon	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Þórhallur Jónsson	Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni og engar athugasemdir voru gerðar. Brugðist hefur verið við frávikum sem fram kom í síðustu eftirlitsskýrslu. Framkvæmdum við meðhöndlun útblásturslofts í tengslum við rafvæðingu verksmiðjunnar er lokið. Starfsleyfi vegna starfseminnar rennur út 1. febrúar nk. vinna við gerð nýs starfsleyfis er hafin. Minnt var á að taka þarf sýni af fráveituvatni fyrir árslok.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum Síldarvinnslunnar. Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu en í henni komu fram tvö frávik, annarsvegar mældist fita í fráveituvatni yfir mörkum hinsvegar hafi niðurstöðum TVN mælinga ekki verið skilað. Umhverfisstofnun staðfesti úrbætur á frávikunum með bréfi dagsettu 5. mars 2014.

Eitt óhapp varð í verksmiðjunni í sumar. Þann 26. ágúst lak blóðvatn í höfnina vegna ófullnægjandi frágangs við mannop á hráefnistanki. Brugðist var við í samræmi við viðbragðsáætlun, óhappið tilkynnt og höfnin hreinsuð í samstarfi við hafnaryfirvöld í Neskaupstað.

Í upphafi árs var lokið við framkvæmdir í tengslum við breytta meðhöndlun útblásturslofts frá verksmiðjunni. Loftið er nú meðhöndlað í lyktyeðingarturni en því var áður brennt. Framkvæmdirnar voru liður í rafvæðingu verksmiðjunnar. Fram kom að mjög hefur dregið úr olíunotkun í verksmiðjunni í kjölfar rafvæðingar. Upplýsingar um olíunotkun koma m.a. fram í grænu bókhaldi skv. því var olíunotkun árið 2013 um 20% af því sem hún var árið 2012, þrátt fyrir að hráefnisnotkun hafi verið örlítið meiri

Starfsleyfi verksmiðjunnar rennur út 1.febrúar 2015. Vinna við nýtt starfsleyfi er hafin og hafa drög að starfsleyfistillögu verið send til umsagnar

Fram kom að verksmiðjan hafði unnið úr rúmlega 100.000 tonnum af hráefni þegar hún var heimsótt. Ekki hefur komið til þess að vinna í verksmiðjunni hafi legið niðri í meira en einn mánuð það sem af er ári og hefur því ekki reynt á tilkynningarskyldu sem fram kemur í grein 1.5. varðandi gangsetningu eftir meira en mánaðar stopp.

TVN gildi í hráefni er mælt reglulega í samræmi við grein 4.2. Niðurstöðum TVN mælinga er skilað til eftirlitsaðila. Eitt tilfelli hefur komið upp á árinu þar sem TVN fór þau mörk sem um getur í grein 2.6. Tilkynnt var um tilfellið með tölvupósti til eftirlitsaðila.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2013 hefur verið skilað í samræmi við grein 1.7. í því koma meðal annars fram flest þau atriði sem gerð er krafa um í grein 4.1.

Ekki hafa verið tekin sýni af fráveituvatni á árinu. Síðasta sýnataka fór fram í mars 2013. Stefnt er að því að taka sýni á næstunni en skv. grein 4.2 skal mæla fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar árlega. Niðurstöðum sýnatöku vegna ársins 2014 þarf skila í síðasta lagi 1.mars 2015

Að lokum var gengið athafnasvæði verksmiðjunnar. Umhverfi hennar var snyrtilegt og engin merki um mengun af neinu tagi sem rekja mátti til starfseminnar.

ANNAÐ

Minnt er á að í samræmi við grein 4.2 þarf að taka sýni af frávatni frá verksmiðjunni fyrir árslok.

Niðurstöðum vegna ársins 2014 þarf að skila fyrir 1. mars 2015

Vakin er athygli á því að starfsleyfi vegna starfseminnar rennur út 1. febrúar 2015. Starfsleyfistillaga er í auglýsingu.

Reykjavík, 23.01.2015

Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.